

Mál nr. 133/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Kaldárselsvegi í Hafnarfirði þann 27.6.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 13.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 23.7.2007.
3. Bréf X, dags. 30.7.2007.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, er þær mættust á Kaldárselsvegi. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstri hlið B. Eftirvagni (flatvagni/vélarvagni) hafði verið lagt á veginum á þeim vegarhelmingi, sem A var ekið eftir, rétt framan við hraðahindrun neðan við nýtt byggingarland í Áslandshverfi. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Bundið slitlag er á veginum.

Ökumaður A kvaðst hafa komið fyrst að eftirvagninum og farið yfir á vinstri vegarhelming til að komast fram hjá honum. Hafi A verið komin fram að miðjum vagninum þegar B kemur og gerir sig ekki líklegan til að stöðva. Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað, en þegar ökumaður B hafi þrengt sér fram hjá og farið utan í A hafi hann fært sig nær vagninum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að vagninum með auðan akveg fyrir framan sig. A hafi verið ekið inn á vinstri vegarhelming til móts við B. Kvaðst ökumaðurinn þá hafa beygt til hægri eins og hægt var. Vinstra afturbretti A hafi þá stökist við vinstri hlið B.

Álit.

Fyrir liggur í málinu að eftirvagn var á þeim vegarhelmingi sem A var ekið eftir. Af þeim sökum þurfti ökumaður A að færa bifreið sína yfir á vinstri vegarhelming miðað við akstursstefnu sína til að komast fram hjá vagninum. Í sömu andrá bar B að úr gagnstæðri átt. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt þessu bar ökumanni A að nema staðar uns B væri komin fram hjá vagninum, en ekki hefur verið sýnt fram á í gögnum málsins að B hafi borið svo brátt að ökumaður A hafi ekki mátt varast hana. Ber ökumaður A því sök á árekstrinum, en ekki þykir nægilega sýnt fram á að ökumaður B eigi sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.